

**43. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
Miðvikudaginn 8. janúar 2025, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Kjartan Geir Karlsson.

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .

Mættir til fundar eru Sigurður M Þorvaldsson og Sverrir Guðbrandsson f.h. Sorpsamlags Strandasýslu.

1. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Súðavíkurbreppi - 2402004

Tekin fyrir tillaga að gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Súðavíkurbreppi fyrir árið 2025.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að gjaldskrá hækki almennt um 25%, auk þess er lagt til að íbúum verði boðið upp á að sleppa innra hólfu fyrir lífrænt sorp, við það verður kostnaður á íbúð um kr. 20.000 lægri.

Samþykkt

Sigurður og Sverrir víkja af fundi.

2. Gangbrautarkerki í Súðavík - 2410004

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Anítu Björk dags. 19. september 2024 er varðar hugmyndir af gangbrautum í Súðavík.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd þakkar fyrir erindið og leggur til við sveitarstjórn að umferðarskilti í byggðinni verði yfirfarin og leitað verði samráðs við lögregluna og Vegagerðina.

Samþykkt

3. Deiliskipulagsbreyting - iðnaðarsvæði inn af Langeyri - 2109006

Tekin fyrir tölvupóstur frá Halldóri Halldórssyni, f.h. Íslenska kalkþörungafélgsins þar sem bent er á að líklega þurfi að gera breytingar á deiliskipulagi hafnarsvæðis inn af Langeyri.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að farið verði í deiliskipulagsbreytingu á svæðinu. Um er að ræða minniháttar breytingu á skipulagi, byggingarmagn eykst ekki en landfylling stækkar.

Samþykkt

4. Langeyri stofnun lóða - 2406005

Teknar fyrir merkjalýsingar fyrir Langeyri lóð 1, L196069 og nýja lóð við Langeyrarveg 4, L238434.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir merkjalýsingu fyrir Langeyri lóð 1, dags. 18.12.2024.

Samþykkt

5. Eyrardalur 6, umsókn um lóð undir gistihús - 2202002

Tekin fyrir bréf frá Gunnari Pál Eydal fyrir hönd Melrakka gistingar ehf. er varðar deiliskipulagsbreytingu - Eyrardalur 7.

Breytingin felur í sér heimild til að reisa 6 smáhýsi auk þjónustuhúss á lóð Eyrardals 7 innan og ofan við Melrakkasetrið.

Markmiðið er að auka framboð af heilsárs gistirýmum fyrir ferðamenn í Súðavík.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir athugasemd við lóðarmörk að norðarverðu, lagt er til að svæðið afmarkist við stíg sem liggur upp á holtið.

Samþykkt


6. Bryggja í Vigur - 2411002

Tekið fyrir að ósk sveitarstjóra bryggjumannvirki í Vigur.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd ræddi ástand bryggju í Vigur, hún er mjög illa farin eða ónýtt.


Samþykkt

Fundi slitið kl. 19:00.


Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir


Valgeir Scott


Bragi Þór Thoroddsen


Kjartan Geir Karlsson

